

**Bókun vegna ákvæðis í
kjarasamningi Félags háskólakennara annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar,
dags. 16. nóvember 2015,
um 1,65% til útfærslu í stofnanasamningi frá 1. júní 2016**

- I. Útfærsla sem á við þá starfsmenn Keldna, sem taka laun samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFI.

Samráðsnefnd Félags háskólakennara annars vegar og Keldur hins vegar ákvað að auka vægi menntunar í starfsmatskerfinu SKREFI með fjölgun stiga. Laun þeirra sem falla undir matskerfið hækka í samræmi við það um 1,65% frá 1. júní 2016, sjá meðfylgjandi töflu og bókun 1 í stofnanasamningi dags. 20. september 2016:

Mat á námi í starfsmati	Ár	ECTS	Stig	Heildarstig	Var
BA/BS	3	180	95	95	90
BA/BS til 4 ára	4	+60	30	125	120
MA/MS	2	+120	85	180	160
Dr. próf	4-5	-	60	250	220

- II. Félag háskólakennara annars vegar og Keldur hins vegar gera með sér samkomulag um 1,65% launahækkun akademískra starfsmanna til útfærslu í stofnanasamningi.


Í stofnanasamningi aðila dags. 20. september 2016 er tekin upp sú nýbreytni að þrjú akademískra starfsmanna ákvarðast af fjölda stiga fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla. Tiltekið er að stigatalning til þrjú hækkingar hefjist 1. janúar 2015 og komi fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Að samkomulagi hefur orðið að þau sem voru í fullu starfi 2015 fái forgjöf sem nemur 33 stigum sem komi til uppsöfnunar vegna þrjú hækkingar, þau sem eru í lægra starfshlutfalli fái hlutfallslega forgjöf.

Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á matskerfi opinberra háskóla eða einstaka matsþætti þess. Forgjöfin skal meðhöndluð sérstaklega og haldið utan við matsþætti kerfisins, enda sé henni eingöngu ætlað að hleypa þrjú hækkingar af stokkunum hvað þau varðar sem eru þegar í starfi árið 2015 og nær ekki til annarra.

Reykjavík, 20. september 2016

F.h. Félags háskólakennara



F. h. Keldur,

Tilraunastöð Háskóla Íslands í
meinafræði að Keldum

